



Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir
og Hermína Gunnþórsdóttir

Foreldrasamstarf og fjölmening Samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku

► Um höfunda ► Efnisorð

Í *Aðalnámskrá leikskóla frá 2011* er lögð rík áhersla á foreldrasamstarf og jafnrétti. Deildarstjórar í leikskólum bera höfuðábyrgð á samvinnu sinnar deildar við foreldra og áhugavert þótti að greina reynslu þeirra af því samstarfi með tilliti til fjölmenn-
ingar og menningarlegs margbreytileika. Í greininni er fjallað um hluta af niður-
stöðum rannsóknar á reynslu deildarstjóra í leikskólum af samskiptum við erlenda
foreldra sem ekki tala íslensku. Markmið rannsakenda var að fá sem raunsannasta
mynd af reynslu deildarstjóranna af þessari hlið fjölmenningar í skólum og þeim
björgum sem þeir nýttu sér í starfi. Gagna var aflað í ársbyrjun 2012 með megind-
legum rannsóknaraðferðum. Rafrænir spurningalistar voru sendir til deildarstjóra í
91 leikskóla um allt land. Helstu niðurstöður eru þær að deildarstjórar telja sjálfir
að samskipti við erlenda foreldra ganga að mestu leyti vel. Flestir nýta sér túlka-
þjónustu til stuðnings og eru almennt duglegir að nýta aðrar bjargar og leita lausna
þegar þarf. Stuðningur samstarfsfólks og stjórnenda virðist einnig góður og lítill
hluti deildarstjóra lýsir neikvæðri reynslu eða óöryggi. Deildarstjórnir telja er-
lenda foreldra í nokkrum mæli óörugga í samskiptum. Þá kemur fram að deildar-
stjórnir telja að sveitarfélögin og fulltrúar þeirra mættu sinna betur upplýsinga-
gjöf til deildarstjóra og skóla um stuðning og bjargar. Hagnýtt gildi þessarar rann-
sóknar fyrir leikskólustarf er að varpa ljósi á áhrif fjölmenningar á foreldrasamstarf.
Að auki er akkur í að fram komi rannsóknir sem snúa að samskiptum leikskóla og
foreldra í ljósi aukinnar áherslu á samstarf þessara aðila á jafnréttisgrunni.

**Multicultural parent-school collaboration: Perspectives of pedagogical
leaders in preschools on communicating with non-native parents
who do not speak Icelandic**

► About the authors ► Key words

The 2011 curriculum for Icelandic preschools stresses the importance of parent-
school collaboration as well as equal rights. In a rapidly changing multicultural
society, Icelandic preschool teachers face new challenges, for increased immi-

gration has meant that more parents do not speak Icelandic. This article addresses Icelandic preschool division or group leaders' experiences communicating with those parents. The article stems from a quantitative study conducted in 2012 and an M.Ed. thesis based on its findings. A questionnaire was sent to 91 preschools in Iceland (with a total of 381 age groups or divisions) to establish professional experience of pedagogical leaders in this area.

Many factors shape the guidelines of preschool education and the work of teachers, such as education laws, the national and school curricula, operation management and teacher unions – which provide job descriptions for preschool teachers who lead a division within their school. Parent-school collaboration and the teacher's responsibility in that collaboration are also vital ingredients. Collaboration and good communication with non-native parents who do not speak the native language are crucial for these children's education.

Several studies show that sometimes teachers need to show initiative and use different means to reach out to parents. Professional self-esteem and self-knowledge is also essential to communicate efficiently in a multicultural school environment. Studies also stress the importance of respect for non-native families, their culture, religion, values and expectations. The value of a common language is also significant since non-native parents of preschool children can find the language the biggest obstacle in parent-school collaboration. In fact, their capacity to understand and express themselves in Icelandic is often lower than their children's. These parents' low Icelandic proficiency can also affect their knowledge and understanding of school activities as relayed by their children. This can create insecurity amongst parents and therefore a gap that head teachers should attempt to bridge. Parents' insecurity should not be translated as lack of interest in their children's education.

For successful communication with non-native parents who do not speak Icelandic, teachers need both the means and support. In this article several aspects are investigated, highlighting professional support of co-workers, directors and school authorities. Accessibility of means includes the assistance of interpreters as well as head teachers' knowledge of what support is available in their community. How school authorities perform in introducing means and support to both parents and teachers is also important.

The study's main finding is that the experience of pedagogical leaders in Icelandic preschools in communicating with immigrant parents is positive. Most have used an interpreter and are quite resourceful in finding ways to communicate with parents. The support of co-workers and directors seems adequate as well. However, a small percentage feel that this communication is not going well, and this seems to relate to insufficient support and personal insecurity. However, most leaders do find themselves to be rather secure in communicating with these parents, although some believe that the parents are less secure. The findings also suggest that the local school authorities are not succeeding in giving enough information to the teachers regarding the means of support and materials available to them. This research sheds light on multicultural aspects of home-school collaboration in connection with equality and democracy in the new curriculum.

Inngangur

Fólksflutningar milli landa hafa aukist á undanförunum áratugum. Einsleitni samfélaga hefur vikið fyrir fjölbreytni og margbreytileika, hér á landi sem víðar. Leikskólakennarar þurfa þess vegna að bregðast við aukinni fjölbreytni í foreldrahópnum ekki síður en barnahópnum og eiga samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku. Sem dæmi má nefna að á tólf

ára tímabili, 1998–2010, fjölgaði börnum í leikskólum sem tala erlend tungumál úr tæplega 600 í 1.815 (Hagstofa Íslands, 2011). Fjölmening er því orðin hluti af íslensku skólastarfi og það kallar á að kyn, uppruni og menningarlegur margbreytileiki í fjölbreyttu samfélagi endurspeglis í menntun barna og unglinga (Banks og Banks, 2010; Guðrún Pétursdóttir, 2003). Að auki leggur *Aðalnámskrá leikskóla* frá árinu 2011 nýjan grunn að leikskólastarfi þar sem foreldrasamstarf, jafnrétti og lýðræði skipa veglegan sess (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) og *lög um leikskóla* nr. 90/2008 mynda ramma um íslenskt leikskólastarf. Einnig hafa sveitarfélögin sem rekstraraðilar sín áhrif og það sama á við um samtök kennara, sem meðal annars gefa út starfslýsingar fyrir leikskólakennara og deildarstjóra. Foreldrasamstarf er hluti af þessum ramma og leggur leikskólakennurum, og þar með deildarstjórum, ábyrgð og skyldur á herðar.

Aðlögun barna og foreldra þeirra að leikskólanum er mikilvægur þáttur í starfi deildarstjóra í leikskólum. Deildarstjórar hafa veg og vanda af allri skipulagningu innan hvers deildar og bera höfuðábyrgð á foreldrasamstarfi. Það hvílir því að miklu leyti á herðum þeirra að eiga í samskiptum við alla foreldra og stuðla að virkri samvinnu um nám og þroska þeirra barna sem í leikskólanum dvelja. Samstarf við erlenda foreldra er þar engin undantekning en þar geta kennarar þurft að beita annarri nálgun en þeim er töm. Samskipti eru mikilvægur þáttur í slíku samstarfi og það sama á við um sjálfstraust þeirra sem að koma. Stuðningur samstarfsfólks og rekstraraðila við deildarstjórana í þeirra foreldrasamstarfi getur skipt máli í upplýsingagjöf milli aðila og því hvernig samskiptin ganga fyrir sig.

Umfjöllunarefni þessarar greinar er reynsla deildarstjóra í leikskólum af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Efnið er byggt á rannsókn við Háskólann á Akureyri en henni var lokið árið 2012. Spurt er hvernig deildarstjórar sjái þessi samskipti, hvort þeir telji sig finna stuðning við þennan þátt starfs síns og hvort þeim sé tryggður aðgangur að túlkajónustu og fleiri björgum.

Rammi um leikskólastarf

Núgildandi lög um leikskóla voru sett árið 2008 og þar eru lagðar línur í samstarfi leikskóla og foreldra leikskólabarna. Þær línur eru nokkuð almennar en fram kemur að skólar skuli stuðla að góðu og öflugum samstarfi við foreldra og að kennurum beri að vinna með foreldrum að námi og þroska barna. Einnig leggja lög skólum þá skyldu á herðar að nota túlka þegar um erlenda foreldra eða heyrnarskerta er að ræða (*Lög um leikskóla*, nr. 90/2008).

Í *Aðalnámskrá leikskóla* er lögð mikil áhersla á samvinnu leikskóla og fjölskyldna. Þar kemur þetta fram:

Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvers annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Í námskránni er einnig lögð áhersla á upphaf leikskólagöngunnar og að þar sé lagður hornsteinn að góðu samstarfi. Foreldrarnir fái tækifæri til að kynna skóla barnsins og kennarar fái upplýsingar um reynslu barnsins og áhugasvið. Á þessu byggi fyrstu skref skólagöngunnar. Tekið er fram að foreldrar þurfi að finna að framlag þeirra sé mikils metið og að lítið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Skýrt kemur fram að kennurum beri að leitast við að ná til allra foreldra. Með fagmennsku sinni beri kennarar ábyrgð á að skipulag skólafarfa tiki mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Lög og aðalnámskrá setja skólafarfa ramma en fleira mótast umgjörð um skólafarfa. Öll sveitarfélög landsins eru aðilar að Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem sinnir ýmis konar stefnumótunarvinnu fyrir hönd sveitarfélaganna og hefur meðal annars gefið út stefnu í málefnum innflytjenda. Þar er tekið á málum eins og túlkajónustu, aðgerðum gegn fordómum, samfélagslegri þátttöku innflytjenda og samskiptum við börn innflytjenda og foreldra þeirra (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2008).

Deildarstjórnun í leikskóla

Í starfslýsingu deildarstjóra er starfssviði hans lýst þannig að hann starfi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, *Aðalnámskrá leikskóla* og stefnu viðkomandi sveitarfélags (Kennarasamband Íslands, 2011).

Eitt af meginverkefnum deildarstjóra er samstarf við foreldra. Hann skipuleggur samvinnu við foreldra barnanna á deildinni: aðlögun, dagleg samskipti og foreldraviðtöl. Hann ber ábyrgð á að foreldrar fái upplýsingar um þroska og líðan barnsins og þá starfsemi er fram fer á deildinni. Einnig ber hann ábyrgð á að leitað sé samþykkis foreldra barns, áður en leitað er aðstoðar annarra sérfræðinga. Deildarstjóri situr einnig foreldrafundi, sem haldnir eru á vegum leikskólans. Að auki fellur ýmslegt annað undir hlutverk deildarstjóra eins og skipulagning samvinnu við ýmsar stofnanir og sérfræðinga sem tengjast leikskólanum í samráði við leikskólafarfa (Kennarasamband Íslands, 2011).

Eins og sjá má af starfslýsinguinni ber deildarstjóri höfuðábyrgð á foreldrasamstarfi innan sinnar deildar. Það kemur því í flestum tilfellum í hans hlut að taka á móti erlendum foreldrum og koma á samstarfi við þá. Að auki er það á ábyrgð deildarstjórans að eiga samvinnu við foreldra ásamt öðrum sem sinna þroska og velferð barnanna: sérfræðingum, fjölskylduskrifstofum sveitarfélaga og fleirum. Mikilvægt er að vel takist til, sérstaklega þegar horft er til jafnréttis til náms og þátttöku í samfélaginu eins og lögð er áhersla á í *Aðalnámskrá leikskóla* (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011).

Hugur kennara til foreldrasamstarfs er mikilvægur þáttur í því hvernig til tekst, ekki síður en viðhorf foreldranna og þar hafa stjórnendur í leikskólum mikilvægu hlutverki að gegna. Þeir þurfa að styðja kennara í foreldrasamstarfi og styrkja þá í hlutverki sínu. Þeir gegna einnig lykilhlutverki í stefnumótunarvinnu og hafa í hendi sér að setja fjölmenningu og jafnrétti allra á oddinn í skólafarfa (Robinson og Días, 2006). Í því felst að deildarstjórar þurfa að vera öruggir í sínu starfi og geta gefið af sér án þess að tungumálaörðugleikar og menningarmunur standi í veginum (Strickland, Keat og Marinak, 2010).

Leikskólinn og fjölmennning

Á Íslandi hefur lítið verið rannsakað hvaða augum kennarar og stjórnendur í íslenskum skólum líta þann breytta samfélagslega veruleika sem fylgir fjölmenningu. Hér á landi er helst um að ræða að kennaranemar fjalli um málefni erlendra barna í lokaritgerðum sem virðast allflestar snúa að börnunum sjálfum en minna að foreldrum eða kennurum. Í erlendum rannsóknum kemur þó víða fram að kennarar þurfi að vanda sérstaklega til samstarfs við erlenda foreldra og vera vakandi um viðhorf sín (Turner-Vorbeck, 2005).

Niðurstöður íslenskra rannsókna gefa tilefni til frekari rannsókna. Þó kemur þar fram að frumkvæði skólafólks að samskiptum við erlenda foreldra sé mjög mikilvægt (Lilja Rós Þorleifsdóttir, 2009) og að móttaka erlendra barna og foreldra þeirra þurfi sérstakrar athygli við (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006). Í niðurstöðum rannsóknar frá árinu 2002 kemur fram að í langflestum leikskólum var ekkert unnið sérstaklega með móttöku erlendra foreldra þótt í sumum skólum hafi móttökuáætlanir verið til. Tekið var eins á móti erlendum foreldrum og þeim íslensku (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Erlendir foreldrar í íslenskum leikskólum virtust almennt áhugasamir og jákvæðir í garð leikskólanna en voru að öðru leyti ólíkir innbyrðis líkt og aðrir foreldrar (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006).

Niðurstöður Hönnu Ragnarsdóttur (2002) sýndu að samskipti við foreldrana gengu misjafnlega, þær sýndu allt frá góðum samskiptum yfir í vantraust og óöryggi. Þar kemur einnig fram að notkun ensku í samskiptum við fólk sem ekki býr yfir mjög góðri enskukunnáttu getur auðveldlega orðið til að gera samskiptin flókin og erfið í stað þess að létta þau. Framfærni erlendu foreldranna til samskipta skiptir einnig máli en stundum virðast þeir ekki tileinka sér það sem reynt er að koma til skila og fara eigin leiðir. Fram kemur að foreldrar sem sóttu í að fara sem fyrst frá börnum sínum í stað þess að fara eftir tilmælum leikskólans um aðlögun, óttuðust um stöðu sína á vinnustað ef þeir yrðu of lengi fjarverandi vegna barna sinna. Aðrar niðurstöður benda til þess að kennarar telji að helstu hindranir í samskiptum séu áhugalausir og lokaðir foreldrar og erfiðleikar við að ræða erfið mál eða þroskafrávik barnanna. Einnig nefna þeir tímaleysi foreldra og tungumálaerfiðleika (Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Sumum leikskólakennurum virðast erlendir foreldrar óöruggir í samskiptum og að stundum sé erfitt að virkja þá til þátttöku og samstarfs, og svo er að sjá sem óöryggi foreldra sé stundum misskilið og túlkað sem áhugaleysi (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006; Guðrún Pétursdóttir, 2003).

Margir erlendir foreldrar líta á tungumálið sem hindrun sem geri þeim erfitt fyrir þegar skólaganga barnanna er annars vegar (Joshi, Eberly og Kouzal, 2005; Turney og Kao, 2009). Foreldrar í slíkri stöðu vita einnig að íslenskan þeirra verður seint jafn góð og barnanna þeirra og að þeir geta lítið notað hana til samskipta við börnin. Börnin þekja fyrst og fremst íslensk orð og hugtök yfir það sem gerist í skólanum og eiga erfitt með að miðla því til foreldranna. Foreldrarnir eiga því erfitt með að fylgjast með og skilja til gagns þennan mikilvæga þátt í lífi barnanna (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006). Viðhorf foreldra til kennslu og lærdóms geta einnig verið ólík viðhorfum kennarans. Erlendir foreldrar geta haft annað viðhorf til leiks í skólanum og þeim jafnvel fundist viðtekin íslensk viðhorf til leiks barnaleg og einföld. Jafnvel þótt foreldrarnir viðurkenni leik sem námsleið gera þeir það stundum af hálfum huga. Það sé gott að leyfa börnunum að leika sér en svo þurfi þau að fara að læra smátt og smátt, börnin læri tæplega í gegnum leik. Í sumum tilfellum sjá erlendir foreldrar lítinn tilgang með leikskólagöngu yfirleitt, einna helst þó þann að börnin læri tungumál nýja landsins (Brooker, 2002).

Viðurkenning á því að fjölskyldan og styrkleikar hennar, menning, trú og væntingar skipti máli getur skipt sköpum þegar styðja á við samskipti deildarstjóra og erlendra foreldra. Fjölskyldur sem hafa jafnvel orðið fyrir fordómum og fjandskap þurfa sérstaklega á því að halda að starfsfólk skóla kunni að meta styrkleika þeirra og þekkingu á börnum þeirra (Taylor og Whittaker, 2003). Það er mikilvægt að leikskólakennarar þrói með sér fjölmenningslegt vinnulag í nútíma samfélagi jafnvel þótt þeir séu ekki nógu vel undirbúnir í námi sínu undir það að kenna börnum með aðra menningu eða önnur gildi en meirihlutinn (Raible og Irizarry, 2007; Santoro, 2009). Þetta á einnig við þegar aðstæður og viðhorf virka hamlandi (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2008). Kennarar verða að gera sér grein fyrir því að það eru ekki bara „hinir“ sem eru með menningu, gildi og trú í

farteskinu. Eigin menning, gildi, viðhorf og trú eru breytur sem hafa áhrif á hvern og einn uppalanda og kennara. Til að mæta því er sjálfsþekking nauðsynleg (Santoro, 2009). Jákvæð sjálfsmynd er hornsteinn uppbyggjandi samskipta við aðra og samskipti eru lykilhugtak í fjölmeningarlegri kennslu (Guðrún Pétursdóttir, 2003). Viðhorf skipa mikilvægan sess í samskiptum og meginreglan er sú að viðhorf okkar mótast af reynslu eða umhverfi. Þau byggjast upp á löngum tíma og endurspeglar að einhverju leyti menningu okkar og aðra þætti í umhverfi. Viðhorfin koma svo fram í samskiptum okkar við aðra (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir, 2008; Haugen og Skogen, 2005).

Einstaklingur mótast af menningararfi sínum og félagslegum bakgrunni en ekki síður með því að tileinka sér þá menningu sem hann kynnist síðar á lífsleiðinni. Grundvallaratriðið er að einstaklingurinn á sjálfur val um kosti og skilgreiningar í þessum efnum. Virðing fyrir vali hvers og eins er meginstoðin í fjölmeningarlegum samskiptum. Val hvers og eins til að bæta við sig menningu og reynslu, og öðlast þannig sitt sjálfsjafnvægi, er eitthvað sem stefna skal að í fjölmeningarlegum samfélögum nútímans (Evrópuráðið, 2008). Þekking á eigin sjálfi, menningu og gildum er mikilvæg, en það er ekki síður hverjum kennara mikilvægt að búa yfir þekkingu og skilningi á menningu og gildum annarra (Andonov, 2009; Jenkins, 2004). Ekki þýðir að koma sér upp eins konar litblindu og segjast koma eins fram við alla, heldur þarf að viðurkenna og bera virðingu fyrir öllum tilbrigðum manneskjunnar (Banks, 2002).

Reyndir leikskólakennarar geta lent í vanda þegar ná þarf góðum samskiptum við fjölbreytilegar fjölskyldur og samstarfið hvílir stundum of mikið á einhliða framlagi kennarans. Í þeim tilfellum er í raun enn mikilvægara að vel takist til (Andonov, 2009), því þrátt fyrir sjónarmið sem kunna að vera frábrugðin hugmyndum kennara þurfa kennarar stuðning foreldra til að ná árangri í menntun og uppeldi barnanna. Þetta á einnig við þegar sumum foreldrum finnst þeir sjálfir ekki byggja á nógu sterkum grunni og að rödd þeirra skipti í raun ekki máli (Banks, 2002; Macbeth, 1993).

Fjölbreytt og gagnvirk samskipti eru lykilatriði ef traust og gagnkvæm virðing eiga að nást milli kennara, foreldra og barna (Harris, Andrew-Power og Goodall, 2009). Í raun má segja að ekkert byggi gott samstarf betur upp en persónuleg samskipti á daglegum grunni. Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir þessum þætti í starfinu þannig að leikskólakennarar geti gefið sér tíma til spjalls á þeim tíma sem foreldrar koma með og sækja börnin sín (Gestwicki, 2004). Til þess að samstarf heimila og leikskóla gangi vel þurfa foreldrar að vita til hvers er ætlast af þeim í því samstarfi, og það reynir sérstaklega á samskiptahæfni kennara og félagsfærni í samstarfi við heimili þar sem menning og bakgrunnur eru kennaranum ókunn eða framandi. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa inntak fjölmeningarlegrar menntunar í huga þegar lagður er grunnur að foreldrasamstarfi (Andonov, 2009). Kennarinn þarf í starfi sínu að sýna hæfni sem felur í sér víðsýni, lausnaleit, virðingu, skilning og færni í samskiptum þvert á menningu eða þjóðerni barna og foreldra (Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Mikilvægt er að stjórnendur og kennarar tileinki sér jákvæðni í samskiptum við erlenda foreldra og átti sig á að stundum þarf ákveðið frumkvæði af þeirra hálfu til að ná góðum tengslum.

Framkvæmd rannsókna

Við rannsóknina sem hér segir frá var valin meginleg aðferðafræði þar sem ætlunin var að ná til breiðs hóps deildarstjóra um allt land. Ákveðið var að nota spurningalista en með þeim má ná til margra þátttakenda og fá með því trúverðugar vísbendingar um þennan þátt leikskólastarfs. Rannsóknarspurningin var þessi: Hver er reynsla deildarstjóra í leikskóla af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku?

Deildarstjórar urðu fyrir valinu umfram aðra starfsmenn leikskóla af því að aðlögun barna og samskipti við foreldra í skólabyrjun hvíla að mestu á þeirra herðum. Að fengnu leyfi viðkomandi sveitarfélaga voru listar með tuttugu og átta spurningum sendir í alla leikskóla í sveitarfélögunum Fjarðabyggð, Fljótisdalshéraði, Árborg, Hvolsvelli, Rangárþingi ytra, Ísafjarðarbæ, Akranesi, Norðurþingi, Dalvík, Sauðárkróki, Hafnarfirði og Kópavogi. Að auki voru sendir listar í tuttugu leikskóla í Reykjavík, valda með handahófsúrtaki. Sveitarfélögin voru valin með það í huga að þau ættu að vera vera fulltrúar landslutanna Norðurlands, Austurlands, Suðurlands, Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins.

Leikskólastjórum var sendur tölvupóstur með kynningu á verkefninu og slóð á vef spurningalistans og þeir beðnir að áframsenda póstinn á deildarstjóra í sínum skóla en rannsakendur höfðu ekki aðgang að tölvupóstföngum deildarstjóra. Spurningarnar buðu upp á valkosti með fastmótuðum svörum en einnig var í nokkrum spurninganna boðið upp á valkostinn *Annað* og reit undir annað svar. Oftast var ætlast til að eitt svar væri valið en í nokkrum spurninganna máttu þátttakendur velja fleiri möguleika.

Rannsóknin var send í 91 skóla víðs vegar um landið og fjöldi deilda í þessum skólum var 381. Ekki er hægt að ganga að því sem vísu að deildarstjórar séu starfandi á öllum þessum deildum þar sem fyrir kemur að leikskólar starfi án deildarstjóra. Því getur verið erfitt að segja nákvæmlega til um eiginlegt svarhlutfall en 119 svör bárust. Tölfræðileg vinnsla spurningalista og gagna fór fram í hugbúnaði sem fæst án endurgjalds, *googledocs*.

Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður sem taka til til reynslu deildarstjóra af samskiptum við erlenda foreldra sem tala ekki íslensku, öryggis í samskiptum, sýnar deildarstjórana á stuðning við þennan þátt starfsins og stuðnings og upplýsingagjafar rekstraraðila í tengslum við samskipti og túlkapjónustu til kennara og skóla.

Flestir deildarstjórana höfðu reynslu af því að taka á móti erlendum foreldrum, sem ekki tala íslensku, en aðeins 5% höfðu enga reynslu af slíku í starfi sínu. Alls 38% svarenda höfðu reynslu af því að taka á móti erlendum foreldrum, sem ekki tala íslensku, fimm sinnum eða oftar og 39% höfðu tekið á móti erlendum foreldrum í færri en fimm skipti. Nær fimmtungur hafði tekið á móti erlendum foreldrum en mundi ekki hversu oft. Alls höfðu því 95% svarenda reynslu af slíkri móttöku í sínu starfi.

Sýn deildarstjóra á samskipti við erlenda foreldra

Um fimmtungur deildarstjórana hafði reynslu af því að taka á móti foreldrum, sem tala enga íslensku og ekkert annað það mál sem aðilar gætu sameinast um að nota, fimm sinnum eða oftar en 43% sjaldnar en fimm sinnum. Tíundi hver átti slíka reynslu að baki en man ekki hversu oft það hafði komið fyrir. Alls voru það því 71% svarenda sem höfðu reynslu af því að taka á móti foreldrum sem hafa ekki vald á ensku eða öðru því máli sem hægt væri að nota til sameiginlegrar tjáningar og samskipta.

Þrír fjórðu deildarstjórana tóku fram að samskipti við erlenda foreldra væru nokkuð góð eða góð reynsla og enginn deildarstjórana taldi sig hafa mjög slæma reynslu af þessum samskiptum. Hins vegar töldu 3% svarenda þau vera frekar slæma upplifun. Eitt prósent þátttakenda taldi sig ekki vita hvort reynsla af samskiptunum væri góð eða slæm og 12% sögðu að reynslan væri misjöfn eftir tilfellum. Þetta má sjá í *Töflu 1*.¹

¹ Í könnuninni var víða notað orðið *upplifun* en í greininni er yfirleitt sneitt hjá því orðalagi og talað um *reynslu* eða *sýn*.

Tafla 1 – Sýn á samskipti við erlenda foreldra	
	Hlutfall
Góð reynsla	37%
Nokkuð góð reynsla	38%
Hvorki né	9%
Frekar slæm reynsla	3%
Mjög slæm reynsla	0%
Misjöfn reynsla eftir tilfellum	12%
Veit ekki	1%

Stærsti hluti svarenda taldi sig nokkuð eða mjög öruggan við það verkefni að taka á móti erlendum foreldrum, alls 73%, eins ráða má af *Töflu 2*. Um 5% töldu það fara eftir aðstæðum hverju sinni og 12% voru nokkuð eða mjög óörugg með sig í samskiptum við erlenda foreldra. 10% deildarstjóranna merktu við kostinn *Hvorki né*.

Tafla 2 – Öryggi deildarstjóra í samskiptum við erlenda foreldra	
	Hlutfall
Mjög örugg/öruggur	16%
Nokkuð örugg/öruggur	57%
Hvorki né	10%
Nokkuð óörugg/óöruggur	9%
Mjög óörugg/óöruggur	3%
Misjafnt eftir aðstæðum	5%
Veit ekki	0%

Eins og ráða má af *Töflu 3* töldu 23% deildarstjóranna að foreldrarnir væru mjög eða frekar óöruggir í samskiptum við sig. Alls 13% töldu það misjafnt eftir foreldrum hverju sinni og 1% vissu ekki hvort foreldrarnir væru almennt öruggir eða óöruggir. Helmingur svarenda taldi að foreldrarnir væru frekar eða mjög öruggir í samskiptum við sig, en af þeim töldu þó aðeins 4% að þeir væru mjög öruggir. 13% deildarstjóranna töldu að foreldrarnir væru hvorki óöruggir né öruggir. Almennt virtust því deildarstjórnarnir telja að þeir sjálfir væru öruggari í þessum samskiptum en foreldrarnir.

Tafla 3 – Öryggi erlendra foreldra í samskiptum við deildarstjóra	
	Hlutfall
Mjög öruggir	4%
Frekar öruggir	46%
Hvorki né	13%
Frekar óöruggir	21%
Mjög óöruggir	2%
Misjafnt eftir foreldrum	13%
Veit ekki	1%

Sýn deildarstjóra á stuðning samstarfsfólks og stjórnenda

Allir deildarstjórnir sem þátt tóku í könnuninni töldu sig þurfa stuðning samstarfsfólks á deildinni við samskiptin við erlenda foreldra. Eins og sést í *Töflu 4* hafði enginn þeirra mjög slæma reynslu af þeim stuðningi en þó sögðust 3% eiga frekar slæma reynslu að baki. Alls 3% sögðust ekki vita hvernig reynsla af slíkum stuðningi væri og tæpur fimmtungur taldi hana hvorki góða né slæma. Mikill meirihluti deildarstjórnanna, eða 76%, töldu reynsluna góða eða frekar góða.

Tafla 4 – Sýn á stuðning samstarfsfólks	
	Hlutfall
Mjög góð reynsla	34%
Frekar góð reynsla	42%
Hvorki né	18%
Frekar slæm reynsla	3%
Mjög slæm reynsla	0%
þarf ekki stuðning	0%
Veit ekki	3%

81% svarenda töldu reynslu af stuðningi skólastjórnenda góða eða frekar góða. 3% vissu ekki hvernig reynsla þeirra af stuðningi stjórnenda væri og 13% töldu hana hvorki góða né slæma. Enginn deildarstjórnanna taldi að reynslan væri mjög slæm en 3% deildarstjóra áttu að baki frekar slæma reynslu af stuðningi stjórnenda við samskipti. Sýn deildarstjórnanna á þennan stuðning er lýst í *Töflu 5*. Enginn hafði þá reynslu að þurfa ekki stuðning frá stjórnendum.

Tafla 5 – Sýn stuðning stjórnenda	
	Hlutfall
Mjög góð reynsla	44%
Frekar góð reynsla	37%
Hvorki né	13%
Frekar slæm reynsla	3%
Mjög slæm reynsla	0%
þarf ekki reynsla	0%
Veit ekki	3%

Sýn deildarstjóra á stuðning og upplýsingagjöf sveitarfélags

Í rannsókninni kom fram að 3% deildarstjóra höfðu ekki talið sig þurfa á stuðningi frá sveitarfélaginu að halda við samskipti við erlenda foreldra og 15% vissu ekki hvort stuðningurinn væri góður eða ekki. Alls 32% sögðu stuðninginn hvorki góðan né ónógan. Það voru svo 38% sem sögðu stuðninginn frekar eða mjög góðan en 12% töldu hann ekki nógu góðan. Þessum niðurstöðum er lýst í *Töflu 6*.

Tafla 6 – Sýn á stuðning sveitarfélags við samskipti við erlenda foreldra	
	Hlutfall
Mjög góður stuðningur	3%
Frekar góður stuðningur	35%
Hvorki né	32%
Ekki nógu góðan	12%
Ekki haft þörf fyrir stuðning frá sveitarfélagi	3%
Veit ekki	15%

Í ljós kom að mikill meirihluti þátttakenda hafði nýtt sér túlkabjónustu, eða 75%. Hins vegar hafði rúmur fimmtungur, eða 21%, ekki gert það. Eins og sjá má í *Töflu 7* taka 4% deildarstjóranna annað fram og þar kom í ljós að einhverjir höfðu nýtt sér starfsmann innan skólans til að túlka það sem þurfti, þó að hann starfaði ekki sem túlkur í raun. Einnig kom fram að viðkomandi bauð foreldrum alltaf upp á túlk og lagði sig fram um að virða óskir þeirra á því sviði. Einn deildarstjórinn tók fram að hann hafði óskað eftir að fá túlk til aðstoðar en ekki fengið. Að lokum kom fram að einn þátttakandi hafði ekki nýtt sér túlkabjónustu en notið aðstoðar frá vinfólki foreldra sem bjó yfir þekkingu á íslensku máli og gat því aðstoðað við að koma upplýsingum á milli. Almennt má því segja að meirihluti svarenda hafi haft einhverja reynslu af notkun túlka.

Tafla 7 – Nýting túlkabjónustu í samskiptum við erlenda foreldra	
	Hlutfall
Já	75%
Nei	21%
Annað	4%

Í rannsókninni kom einnig fram að 10% svarenda töldu sig ekki vita hvort túlkabjónusta væri aðgengileg eða ekki í þeirra sveitarfélagi og að 6% töldu hana hvorki vera aðgengilega né óaðgengilega. 8% deildarstjóranna töldu hana mjög eða nokkuð óaðgengilega en meirihlutinn, alls 76% töldu hana nokkuð eða mjög aðgengilega. Þessu er lýst í *Töflu 8*.

Tafla 8 – Aðgengi að túlkabjónustu í sveitarfélaginu	
	Hlutfall
Mjög aðgengileg	31%
Nokkuð aðgengileg	45%
Hvorki né	6%
Nokkuð óaðgengileg	5%
Mjög óaðgengileg	3%
Veit ekki	10%

Umræður

Markmið rannsóknarinnar var að skoða reynslu deildarstjóra í leikskólum af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Hér verða ræddir þeir þættir í niðurstöðunum sem lutu að þessum samskiptum, reynslu deildarstjóranna af stuðningi samstarfsmanna

og stjórnenda við þennan þátt starfsins en einnig stuðningi og upplýsingagjöf sveitarfélaganna sem rekstraraðila.

Flestir deildarstjóranna höfðu sjálfir reynt í starfi þær breytingar sem hafa orðið á íslensku samfélagi undanfarin ár en eins og áður sagði hefur börnum með annað tungumál en íslensku fjölgað mikið (Hagstofa Íslands, 2011). 95% svarenda í rannsókninni höfðu enda einhverja reynslu af því að vinna með erlendum börnum og foreldrum þeirra. Hægt er að halda því fram að fjölmening sé orðinn órjúfanlegur hluti af íslensku skólasterfi, hvort sem skólafólk almennt áttar sig allt á því eða ekki.

Tungumál til tjáningar er atriði sem skiptir máli í samskiptum erlendra foreldra og deildarstjóra í leikskóla. Alls 71% deildarstjóranna sem þátt tóku höfðu reynslu af því að taka á móti foreldrum sem ekki einungis tala ekki íslensku, heldur tala hvorki ensku né annað það mál sem báðum aðilum væri mögulegt að nota til samskipta. Í skýrslum Hagstofu Íslands kemur fram að árið 2010 töluðu erlend börn í leikskólum 41 skilgreint tungumál en en nokkur börn falla síðan undir flokk þar sem ekki liggur fyrir hvaða tungumál barnið talar eða tungumálið finnst ekki á skrá hjá Hagstofunni (Hagstofa Íslands, 2011). Eins og fram kemur hjá Elsu Sigríði Jónsdóttur (2007) getur fólki fundist erfitt að standa ekki jafnfætis þeim sem það á samskipti við og erlendum foreldrum finnst tungumálið það sem helst veldur erfiðleikum við skólagöngu barna sinna (Joshi o.fl., 2005; Turney og Kao, 2009). Nokkuð miklar líkur eru því á að deildarstjórnarnir hafi þurft að reyna á færni sína til þess að ná góðum samskiptum þar sem skortur á sameiginlegu tungumáli til samskipta getur verið hindrun.

Sýn deildarstjóra á samskipti við erlenda foreldra

Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar er erfitt að alhæfa um reynslu deildarstjóra af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku, enda segja 12% hana vera misjafna eftir tilfellum. Við slíku má auðvitað búast. Mikill meirihluti eða þrír fjórðu svarenda segja að reynsla sín sé góð eða nokkuð góð. Það gefur til kynna að þessi þáttur starfsins sé yfirleitt ekki íþyngjandi fyrir deildarstjóra, enda er enginn sem telur sig eiga mjög slæma reynslu af samskiptunum að baki. 3% virðast þó hafa reynslu af einhverju sem ekki hefur gengið vel og segja reynsluna af samskiptum við erlenda foreldra frekar slæma. Þetta endurspeglar svipaðar niðurstöður og Hanna Ragnarsdóttir (2002) fékk í sinni rannsókn þar sem samskiptin sveifluðust frá því að ganga mjög vel yfir í að ganga illa. Spyryja má hvort það sé eitthvað af þeim hindrunum, sem nefndar eru hér að framan, sem þarna skipta máli, eins og tungumál, viðhorf, félagslegir- og menningarlegir þættir (Andonov, 2009; Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2007) eða hvort það sé eitthvað innan skólans eða í fari kennarans sjálfs sem hefur neikvæð áhrif (Haugen og Skogen, 2005; Santoro, 2009) og kallar á frekari rannsóknir.

Samskipti eru lykilatriði í foreldrasamstarfi og tveir af áhrifaþáttum samskipta eru öryggi og sjálfsþekking (Baker, 2000). Þekking kennara á því að þeirra menning og þeirra eigin sjálf hafi áhrif á vinnu þeirra skiptir máli, eins og fram kemur hjá Santoro (2009). Kennarar þurfa að átta sig á og vita hvað hefur áhrif á félagslega færni þeirra og hæfni í samskiptum (Andonov, 2009; Banks, 2002). Þessir þættir skipta máli í því hversu öruggir kennarar eru þegar taka þarf á móti erlendum foreldrum og eiga við þá góð samskipti. Þegar niðurstöður úr þeirri spurningu rannsóknarinnar eru skoðaðar er fyrst athyglisvert að sjá að þar eru 3% sem segjast mjög örugg við þetta verkefni. Það er sama hlutfall og hlutfall þeirra sem áttu að baki neikvæða reynslu af samskiptum við erlenda foreldra. Áhugavert væri að kanna hvort þarna séu tengsl en til þess var ekki tækifæri hér. Þarna er einnig samsvörun í því hversu hátt hlutfall svarenda telur sig mjög eða nokkuð öruggt með þennan þátt starfsins, eða þrír fjórðu hlutar, sem er sama hlutfall og hlutfall þeirra sem þóttu samskiptin almennt jákvæð. Ekki er hægt, út frá þeim gögnum sem hér var aflað, að fullyrða

að fólk sé almennt jákvæðara þegar það er öruggt með sig en álykta má að þetta tengist að einhverju leyti, enda kemur fram hjá Elsu Sigríði Jónsdóttur (2007) að það skipti máli að hafa örugga og sterka sjálfsmynd og Guðrún Pétursdóttir (2003) telur jákvæða sjálfsmynd hornstein uppbyggjandi samskipta við aðra .

Athygli vekur að ekki nema tæpur helmingur deildarstjóranna telur að foreldrar séu mjög eða frekar öruggir í samskiptum við sig. Í því ljósi kemur á óvart að meirihluti svarenda telur samskiptin jákvæð. Að mati deildarstjóranna virðist halla eitthvað á foreldrana í samskiptunum og tæpur fjórðungur þeirra metur það svo að foreldrar séu almennt mjög eða frekar óruggir í þessum samskiptum. Það gefur til kynna að vinna þurfi sérstaklega að því að auka öryggi foreldra eins og fram kemur hjá Taylor og Whittaker (2003) og Önnu Þorbjörgu Ingólfssdóttur og Elsu Sigríði Jónsdóttur (2006). Þessir höfundar benda á á að viðurkenna þurfi styrkleika þessara fjölskyldna og forðast að mistúlka óöryggi sem áhuga-leysi. Kennarar þurfa að gera sér grein fyrir valdastöðu sinni gagnvart ákveðnum foreldrum ásamt hugsanlegum viðhorfsmun, sem kann að tengjast félagslegum bakgrunni foreldranna og kennarans (Bennet og Tayler, 2006). Sumir foreldrar, eða foreldrahópar, eru virkari þátttakendur í samstarfi við skóla en aðrir. Harris, Andrew-Power og Goodall telja að foreldrar sem standa betur félagslega eða fjárhagslega séu líklegri til að vera öruggari með sig í samskiptum við skólann og kennara. Þetta sé hópur fólks sem búi yfir sjálfs-trausti til að tala við kennara og sérfræðinga á jafningjagrundvelli. Þeir foreldrar sem ekki tilheyri þessum hópi geti átt í vanda með samskipti við skólann. Í þeim hópi geti verið foreldrar sem standi lakar félagslega eða fjárhagslega, þar á meðal innflytjendur, minnihluta-hópar og þeir sem ekki tala tungumálið. Ólík tungumál og menning geti virkað sem hindrun fyrir foreldra sem vilja börnum sínum allt hið besta en fyllast vonleysi þegar þeir reyna að skilja menntakerfið í nýju landi. Margir skólar reyni að koma til móts við þessa foreldra og aðstoða þá á alla vegu og það sé mikilvægt því skólar þurfa að vera staður þar sem börn og foreldrar eru örugg og finna stuðning og skilning (Harris o.fl., 2009).

Sýn deildarstjóra á stuðning samstarfsfólks og stjórnenda

Enginn deildarstjóranna segist ekki þurfa stuðning við að taka á móti erlendum foreldrum sem ekki tala íslensku. Deildarstjórar virðast almennt gera sér grein fyrir því að stuðningur og viðurkenning í starfi skiptir máli (Rodd, 2006; Sergiovanni, 2009). 76% deildarstjóra lýsa reynslu sinni af stuðningi samstarfsfólks sem mjög eða frekar góðri. Af því má ætla að meirihlutinn geti leitað til samstarfsfólks og fengið þann stuðning sem hann þarf. Tæpur fimmtungur sem er nokkuð hátt hlutfall merkir við valmöguleikann *Hvorki né* í þessum lið en ekki nema 3% segja reynsluna frekar slæma.

Reynsla deildarstjóranna af stuðningi skólustjórnenda telst einnig nokkuð góð en 81% segja hana frekar eða mjög góða. Slíkt er mikilvægt enda skipta stjórnendur og viðhorf þeirra miklu máli í þessum þætti skólastarfs eins og fram kemur hjá bæði Macbeth (1993) og Robinson og Díaz (2006). Á móti segja 13% að reynsla af stuðningi stjórnenda sé hvorki góð né slæm sem er örlítið minna en þegar spurt er um stuðning samstarfsfólks. Þetta er nokkuð hátt hlutfall og gæti bent til þess að þessir deildarstjórar séu nokkuð sáttir en að stuðningurinn skipti þá ekki svo miklu máli í starfi að þeir velti þessu mikið fyrir sér. Að minnsta kosti má álykta sem svo að væru þeir ósáttir hefðu þeir merkt við þá svarmöguleika í könnuninni.

Sýn deildarstjóra af stuðningi og upplýsingagjöf sveitarfélags

Þegar spurt er um sýn deildarstjóranna á stuðning sveitarfélags í samskiptum við erlenda foreldra breytist landslagið nokkuð. Færri eru ánægðir en aðeins 38% deildarstjóranna segja reynslu sína af stuðningi sveitarfélags vera mjög eða frekar góða. Þetta eru umtalsvert lægri tölur en þegar stuðningur samstarfsfólks og stjórnenda er skoðaður. Einnig virðast fleiri ekki vita hvernig líta beri á þennan stuðning eða 15% á móti 3%, og heil 32%

velja kostinn *Hvorki né*. Það er því nær helmingur deildarstjóranna sem segist ekki vita hvernig reynslan sé eða segir að hún sé hvorki góð né slæm. Það bendir til þess að deildarstjórar tengi stuðning við starf sitt ekki sérstaklega við sveitarfélagið, heldur horfi meira til innri þátta hvers skóla. Slíkt þarf ef til vill ekki að koma á óvart og kannski líta kennarar almennt meira á sig sem starfsmenn skóla en sveitarfélaga. Í þessum lið segja líka fleiri að stuðningurinn sé ekki nógu góður, eða 12%, sem er mun meira en innan skólanna sjálfra. Ef til vill má því álykta að sveitarfélögin geti gert betur á þessu sviði og komið með myndarlegri hætti að þessum málaflokki innan skólanna, þó að ekki væri nema til að setja skýrar fram þann stuðning sem er í boði á hverjum stað þannig að þekking skólafólksins á þeim kostum aukist.

Túlkabjónusta er mikilvæg í þessum samskiptum eins og fram kemur hér að framan og er einn af þeim þáttum sem sveitarfélögin eiga að standa að samkvæmt lögum (*Lög um leikskóla* nr. 90/2008). Almennt virðist þetta vera misjafnt milli sveitarfélaga og fyrirkomulag túlkabjónustu getur verið ólíkt af ýmsum ástæðum. Stærð og lega sveitarfélaga getur skipt máli þegar kemur að aðgengi skóla að fólki sem vill og getur túlkað og talar þau tungumál sem um ræðir. Meirihluti deildarstjóranna, eða 75%, höfðu nýtt sér túlkabjónustu í sínu starfi með erlendum foreldrum. Rúmur fimmtungur hefur ekki notað túlkabjónustu í sínu starfi og má segja að það sé hátt hlutfall þegar þess er gætt að aðeins 5% svarenda hafa enga reynslu af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Hlutfall þeirra sem höfðu reynslu en höfðu ekki notfært sér túlka er þá nokkuð hátt. Verið getur að þessi hluti deildarstjóra hafi ekki þurft túlk í sínum samskiptum við foreldrana, til dæmis hafi foreldrar talað tungumál sem deildarstjórinn sjálfur talar eða aðilar fundið sér sameiginlegt tungumál til að tjá sig á, ensku, norðurlandamál eða eitthvert annað mál. Í þessari spurningu var gefinn svarmöguleikinn *Annað* og þar kemur fram að erlendir starfsmenn leikskóla eru stundum fengnir til að túlka í samskiptum við erlenda foreldra. Þetta fyrirkomulag getur gengið mjög vel en nauðsynlegt er að allir sem að þessum samskiptum koma geri sér skýra grein fyrir hlutverkum sínum, eins og fram kemur í skýrslu Velferðarráðuneytisins (2011) um túlkabjónustu til innflytjenda, en þar er meðal annars fjallað um reynslu þeirra sem hafa mikla reynslu af notkun túlka, bæði í skólakerfinu og heilbrigðiskerfinu. Hlutverk þurfa einnig að vera skýr þegar vinir eða ættingjar foreldra eru beðnir að túlka. Í framlagi þeirra getur falist ómetanleg hjálp en þarna getur einnig komið upp vandi þegar ræða þarf viðkvæm mál. Útsjónarsemi deildarstjóra skiptir máli í samskiptunum, enda getur þurft að beita henni þegar óskað er eftir túlki en hann fæst ekki, líkt og einn deildarstjórinn tók fram í sínu svari. Niðurstöðurnar hér eru samhljóma niðurstöðum Hönnu Ragnarsdóttur (2002) sem leiddu í ljós að notkun túlka mætti vera meiri og að kennarar eða foreldrar fengu stundum einhvern sem þeir þekktu til að túlka þegar ekki fékkst túlkur eftir hefðbundnum leiðum.

Eins og áður sagði er túlkabjónusta lögbundin og á hendi sveitarfélaga að sjá til þess að hún sé í boði. Deildarstjórnir voru því spurðir hvort þeim myndist túlkabjónusta aðgengileg í sínu sveitarfélagi. Stærstur hluti svarenda taldi hana mjög eða nokkuð aðgengilega, eða 75%, en athygli vekur að 10% segjast ekki vita hvað þeim myndist um það efni. Þetta bendir til að bjónustu við skólana sé ábótavant, hverju sem um er að kenna. Vissulega gæti verið auðvelt að skella skuldinni alfarið á sveitarfélögin en þó hlýtur það samt einnig að vera á ábyrgð bæði deildarstjóra og skólastjóra að vera vakandi fyrir þeim möguleikum sem bjóðast á þeirra svæði. 8% telja svo túlkabjónustu mjög eða nokkuð óaðgengilega þannig að þarna má gera betur.

Samantekt og lokaorð

Hér hefur verið fjallað um niðurstöður rannsóknar á reynslu deildarstjóra í leikskólum af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Lykilatriði í samstarfi deildarstjóra og þessara foreldra má telja að samskiptin gangi eins vel og kostur er og allra leiða sé

leitað til að þau verði gagnkvæm og innihaldsrík. Þannig næst bestur árangur og báðir aðilar eru líklegri til að vera sáttir við sitt. Til að árangur náist í samstarfi við erlenda foreldra, þar sem tungumálakunnátta getur orðið hindrun, þarf skilning á því sem til þarf, stuðning og góðar þjargir.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að samskipti deildarstjóra í leikskóla og erlendra foreldra sem ekki tala íslensku gangi að mestu leyti vel. Athyglisvert er þó að sjá að um 3% svarenda telja að reynsla af samskiptunum sé frekar slæm, sem er sama hlutfall og þeirra sem telja sig ekki fá nægan stuðning í starfi og telja sig frekar óörugga í samskiptum við erlenda foreldra. Af þeim gögnum sem hér liggja til grundvallar sést ekki hvort um sömu svarendur er að ræða en þetta gæti gefið til kynna að þessi þáttur í starfi deildarstjóra sé einhverjum þeirra streituvaldur. Betri stuðningur gæti hjálpað þessum deildarstjórum að finna til öryggis í samskiptunum en sem betur fer segjast flestir deildarstjórnanna fá góðan stuðning frá samstarfsfólki og stjórnendum.

Niðurstöður sýna ennfremur að stuðningur og upplýsingaflæði frá sveitarfélögunum sem rekstraraðilum mætti vera betra. Hluti deildarstjóra veit til dæmis ekki hvort túlkabjónusta er á boðstólum í þeirra sveitarfélagi. Þetta getur orðið til þess að dýrmætur tími fari í að verða sér úti um upplýsingar og að kennarar þurfi að finna upp hjólið í stað þess að byggja á fyrirliggjandi þekkingu. Góð túlkabjónusta getur skipt máli í samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku og af niðurstöðum má ráða að þau mál virðast í nokkuð góðum farvegi. Túlkabjónusta er lögbundin en ýmis vandkvæði geta verið á framkvæmd hennar, meðal annars vegna framboðs túlka í ákveðnum tungumálum eða stærðar og legu sveitarfélaganna. Flestir deildarstjórnanna reyndust þó vera úrræðagóðir og skólarnir hafa greinilega leitað fjölbreytilegra leiða til að koma til móts við foreldra, enda beggja hagar að samskiptin gangi sem best.

Reynsla deildarstjórnanna eða sýn er sú að þeir sjálfir séu nokkuð öruggir í samskiptum við foreldrana en að erlendir foreldrar séu ekki eins öruggir í samskiptum við þá. Þarna hallar á foreldrana og geta ástæður þess verið ýmsar. Ljóst er þó af umfjöllun hér að framan að mikilvægt er að deildarstjórar, skólastjórnendur og kennarar geri sér grein fyrir að sérstaklega þarf að huga að þessum þætti í samskiptum við erlenda foreldra. Í raun þyrftu allir sem koma að skólamálu að taka þetta öryggi foreldra, sem ekki tala íslensku, með í reikninginn í samskiptum sínum við þá. Rannsaka þyrfti nánar hvort erlendir foreldrar finnist þeir óöruggir í samskiptum við íslenska skóla og ef sú er raunin, hvað foreldrarnir telja að gæti bætt ástandið. *Aðalnámskrá leikskóla* leggur kennurum ríkar skyldur á herðar í foreldrasamstarfi; uppeldi og velferð barns er samvinnuverkefni foreldra og kennara. Mikilvægt er að slík samvinna fari fram á jafnréttisgrundvelli.

Hagnýtt gildi þessarar rannsóknar fyrir leikskólustarf er að varpa ljósi á þau áhrif sem aukin fjölbreytni í foreldrahópi og fjölmennung hafa á samstarf deildarstjóra og foreldra þeirra barna sem eru í þeirra umsjá. Fram kemur að reynsla deildarstjóra af samskiptum við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku er almennt góð en ýmislegt má bæta. Þar má helst nefna betra upplýsingaflæði milli skólastofnana og skólayfirvalda til að þau gögn og sú þekking, sem fyrir hendi er, nýtist sem best. Þarna geta allir aðilar bætt sig og má segja að samvinna og skýr ábyrgðarhluti hvers og eins hljóti að vera lykilatriði.

Að auki er akkur í því að fram komi rannsóknir sem snúa að samskiptum leikskóla og foreldra í ljósi aukinnar áherslu í *Aðalnámskrá* á samstarf þessara aðila. Erlendir foreldrar og börn þeirra verða ekki undan því samstarfi skilin ef vel á að fara í því fjölmenningsamfélagi sem íslenskt samfélag er vissulega orðið. Reynsla deildarstjóra af öryggi erlendra foreldra í samskiptum við þá er því þáttur sem mikilvægt er að skoða nánar.

Í ljósi ábyrgðar deildarstjóra í leikskólum á samstarfi við foreldra þarf í skólasamfélaginu að liggja fyrir hvaða þættir það eru sem helst geta valdið deildarstjórum erfiðleikum í samstarfi við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Þar má nefna aðgengi að túlkum og efni á erlendum tungumálum. Öðruvísi er erfitt að efla þennan þátt leikskólastarfsins og styðja deildarstjóra í því verkefni. Aukin meðvitund um þátt fjölmennningar í íslensku leikskólastarfi er til góðs og í raun vel við hæfi að rýna nánar í hann í samhengi nýrrar *Aðalnámsskrár* sem leggur ríka áherslu á jafnrétti og lýðræði.

Lokaniðurstaða höfunda eftir þessa rannsókn og umfjöllun er að almennt sé reynsla deildarstjóra af samskiptum við erlenda foreldra, sem ekki tala íslensku, jákvæð. Alltaf er þó hægt að ígrunda starfshætti og bæta skólustarf og þar eru foreldrasamstarf og fjölmening ekki undanskilin. Aukin vitund um hve íslenskt samfélag er orðið fjölmenningslegt, bæði hjá skólafólki og ekki síður sveitarfélögunum, ætti að stuðla að betra upplýsingaflæði og skilvirkara starfi með erlendum foreldrum almennt. Rannsóknir og þekking á því hvernig þessi þáttur leikskólastarfsins gengur fyrir sig skipta miklu og hafa gildi fyrir íslenskt skólasamfélag.

Heimildir

Andonov, L. (2009). Interaction in consultation discussions: Building partnership with culturally diverse families. Í M. T. Talib, J. Loima, H. Paavola og S. Patrikainen (ritstjórar), *Dialogs on diversity and global education* (bls. 171–188). Frankfurt: Peter Lang.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. *Uppeldi og menntun*, 15(2), 31–48.

Baker, C. (2000). *The care and education of young bilinguals: An introduction for professionals*. Clevedon: Multilingual Matters.

Banks, J. A. (2002). *An introduction to multicultural education* (3. útgáfa). Boston: Allyn og Bacon.

Banks, J. A. og Banks, C. A. M. (ritstjórar). (2010). *Multicultural education: Issues and perspectives* (7. útgáfa). Hoboken: Wiley.

Bennet, J. og Tayler, C. P. (2006). *Starting strong II: Early childhood education and care*. París: OECD.

Brooker, L. (2002). *Starting school – Young children learning cultures*. Buckingham: Open University Press.

Bryndís Garðarsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2007). Á mótum tveggja heima: Samstarf heimila og leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 679–699). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2007). Aðlögun Íslendinga erlendis. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmening á Íslandi* (bls. 331–353). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum og Háskólaútgáfan.

Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hrönn Pálmadóttir. (2008). Efling – Samræður leikskólakennara um fjölbreyttan barnahóp. *Netla – Vef tímarit um uppleddi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/012/index.htm>

Evrópuráðið [Council of Europe]. (2008). *White paper on intercultural dialogue: “Living together as equals in dignity”*. Strasbourg: Council of Europe Ministers of Foreign Affairs. Sótt af http://www.coe.int/t/dg4/intercultural/source/white%20paper_final_revised_en.pdf

- Gestwicki, C. (2004). *Home, school, and community relations* (5. útgáfa). New York: Delmar Learning.
- Guðrún Pétursdóttir. (2003). *Allir geta eitthvað, enginn getur allt: Fjölmenningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Hólar.
- Hagstofa Íslands. (2011). *Börn í leikskólum með erlent móðurmál 2010*. Sótt af <http://hagstofan.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO01103%26ti=B%F6rn+%ED+leiksk%F3lum+me%F0+erlent+m%F3%F0urm%E1+1998%2D2010++%26path=../Database/skolamal/IsNemendur/%26lang=3%26units=Fjöldi/hlutfall>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningarlegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*, 11, 51–78.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/012.pdf>
- Harris, A., Andrew-Power, K. og Goodall, J. (2009). *Do parents know they matter? Raising achievement through parental engagement*. London: Continuum International.
- Haugen, R. og Skogen, E. (2005). Holdninger og kommunikasjon. Í E. Skogen, R. Haugen, M. Lundestad og M. V. Slåtten (ritstjórar), *Á være leder i barnehagen* (bls. 95–108). Bergen: Fagbokforlaget.
- Jenkins, R. (2004). *Social identity*. London: Routledge.
- Joshi, A., Eberly, J., og Konzal, J. (2005). Dialogue across cultures: Teachers' perceptions about communication with diverse families. *Multicultural Education*, 13(2), 11–15. Sótt af <http://www.eric.ed.gov/contentdelivery/servlet/ERICServlet?accno=EJ759616>
- Kennarasamband Íslands. (2011). *Starfslýsing deildarstjóra*. Sótt af <http://fl.ki.is/?PageID=1188>
- Lilja Rós Þorleifsdóttir. (2009). *Áhrifapættir í samstarfi skóla og heimila nemenda af erlendum uppruna* (óútgefin meistara ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.*
- Macbeth, A. (1993). Parent-teacher partnership: A minimum programme and a signed understanding. Í M. Preedy (ritstjóri), *Managing the effective school* (bls. 193–203). London: Paul Chapman.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>
- Raible, J. og Irizarry, J. G. (2007). Transracialized selves and the emergence of post-white teacher identities. *Race, Ethnicity and Education*, 10(2), 177–198. Sótt af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?vid=6&hid=112&sid=4c91c44e-211f-4ebb-87cf-87a53e92a57a%40sessionmgr110>
- Robinson, K. H. og Díaz, C. J. (2006). *Diversity and difference in early childhood education: Issues for theory and practice*. Berkshire: Open University Press.
- Rodd, J. (2006). *Leadership in early childhood*. Maidenhead: Open University Press.

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2008). *Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Sótt af <http://www.samband.is/media/skolamal/SKOLAMALASTEFTA.pdf>

Santoro, N. (2009). Teaching in culturally diverse contexts: What knowledge about „self“ and „others“ do teachers need? *Journal of Education for Teaching*, 35(1), 33–45.

Sergiovanni, T. J. (2009). *The principalship: A reflective practice perspective*. Boston: Pearson.

Strickland, M., Keat, J. og Marinak, B. (2010). Connecting worlds: Using photo narrations to connect immigrant children, preschool teachers, and immigrant families. *School Community Journal*, 20(1), 81–102. Sótt af <http://www.eric.ed.gov/PDFS/EJ891833.pdf>

Taylor, L. S. og Whittaker, C. R. (2003). *Bridging multiple worlds: Case studies of diverse educational communities*. Boston: Allyn og Bakon.

Turner-Vorbeck, T. A. (2005). Expanding multicultural education to include family diversity. *Multicultural Education*, 13(2), 6–10. Sótt af <http://www.eric.ed.gov/PDFS/EJ759615.pdf>

Turney, K. og Kao, G. (2009). Barriers to school involvement: Are immigrant parents disadvantaged? *Journal of Educational Research*, 102(4), 257–271. Sótt af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=4c91c44e-211f-4ebb-87cf-87a53e92a57a%40sessionmgr110&vid=10&hid=112>

Velferðarráðuneytið. (2011). *Skýrsla um túlkajónustu til innflytjenda*. Sótt af http://www.velferdarraduneyti.is/media/ritogskyrslur2011/26012011_Tulkathjonusta_til_innflytjenda.pdf

Um höfunda

Anna Lilja Sævarsdóttir (annalilja@akmennt.is) er deildarstjóri við leikskólann Iðavöll á Akureyri. Hún lauk B.Ed.-gráðu sem leikskólakennari frá Háskólanum á Akureyri árið 2002 og M.Ed prófi með áherslu á stjórnun frá sama háskóla árið 2012. Anna Lilja hóf störf á Iðavelli árið 2001 og tók árið 2005 við sem deildarstjóri þriggja ára deildar. Hún hefur tekið þátt í ýmsu þróunarstarfi innan leikskólans, tekið þátt í norrænu samstarfi og verið áheyrnarfulltrúi leikskólakennara í skólanefnd Akureyrarbæjar. Rannsóknir hafa snúið að tvítyngdum börnum og erlendum leikskólaforeldrum.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) er lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri og brautarstjóri kennarabrautar. Hún brautskráðist frá Fósturskóla Íslands árið 1990 sem fóstura, lauk B.Ed.-gráðu frá Háskólanum á Akureyri árið 2000 og M.Ed.-prófi sex árum síðar frá sama skóla. Anna starfaði um árabil sem leikskólalastjóri, aðstoðarleikskólalastjóri og deildarstjóri í leikskóla. Rannsóknir hennar og þróunarverkefni snúa meðal annars að foreldrasamstarfi í leikskóla, jafnréttiskennslu yngri barna og starfi með elstu börnum leikskólans.

Hermína Gunnþórsdóttir (hermina@unak.is) er lektor við Háskólann á Akureyri. Hún lauk B.A.-prófi í íslensku og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi frá Kennaraháskóla Íslands. Hún hefur starfað við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hermína stundar doktorsnám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Helstu viðfangsefni hennar í kennslu

og rannsóknnum eru skóli og nám án aðgreiningar, fjölmennning og nám, fötlunarfræði, menntastefna og framkvæmd hennar.

Efnisorð

*leikskóli – foreldrasamstarf – fjölmennning – erlendir foreldrar
– deildarstjórar í leikskóla – samskipti – stuðningur í starfi*

About the authors

Anna Lilja Sævarsdóttir (annalilja@akmennt.is) is a preschool teacher and pedagogical leader at Iðavöllur preschool in Akureyri, Iceland. Anna Lilja holds a B.Ed. degree in preschool teaching from the University of Akureyri (2002) and an M.Ed. degree with an emphasis on management in education from the University of Akureyri (2012). She has worked at Iðavöllur since 2001, and as pedagogical leader of a class for three-year-olds since 2005. Anna Lilja has taken part in several development projects in her preschool as well as in an ongoing preschool project based on nordic collaboration. Her research focus is on bilingual children and their parents

Anna Elísa Hreiðarsdóttir (annaelisa@unak.is) is an assistant professor at the University of Akureyri and head of the department of primary and lower secondary school education. She graduated as a kindergarten teacher in 1990, holds a B.Ed. degree in preschool teaching from the University of Akureyri (2000) and an M.Ed. degree from the University of Akureyri (2006). Anna has worked as a preschool teacher and a head teacher. Her research is focused on partnership with families in preschools, professional work with five-year-old children and gender studies. Anna has worked on several developmental projects in the same areas.

Hermína Gunnþórsdóttir (hermina@unak.is) is an assistant professor at the University of Akureyri. She holds a B.A.-degree in Icelandic, teaching certification from the University of Iceland and a master's degree from the Iceland University of Education. She has worked at kindergarten, primary and secondary schools. Hermína is a Ph.D. student at the University of Iceland. Her teaching and research interests include inclusive education, multicultural education, disability studies, educational policy and practice.

Key words

*preschool – parent-school collaboration – multiculturalism
– non-native parents – pedagogical leaders – communication
– professional support*



Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013).
Foreldrasamstarf og fjölmennning: Samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>